



Fundargerð hreppsnefndar 23. ágúst 2012

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 23. ágúst 2012 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Þórunn Egilsdóttir, Ásrún Jörgensdóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Bárður Jónasson. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð. Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 5. júlí sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 5. júlí sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 11. júlí sl.

Lögð fram fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 11. júlí sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

3. mál. Sundabúð, legudeild. -Staða mála.-

Lögð fram annars vegar bréf HSA frá 7. ágúst sl. og Vopnafjarðarhrepps frá 25. júlí sl.

Eins og kunnugt er hafa endar ekki náð saman í rekstri Legudeildarinnar að Sundabúð. Af þeim sökum er unnið að því í samvinnu HSA, Velferðarráðuneytis og Vopnafjarðarhrepps að skoða hvaða möguleikar eru í breytingum á rekstrarfyrirkomulagi svo rekstrargrunnur deildarinnar verði tryggður til framtíðar. Vinna þessi tekur mið af því að öldrunarþjónusta í sveitarfélaginu verði góð hér eftir sem hingað til.

Oddviti gerði síðan grein fyrir stöðu málsins og þeirri vinnu sem fram hefur farið í þessum efnunum. Í þeirri vinnu hefur verið haft að leiðarljósi að þjónusta á þessu sviði verði góð, enda þó einhverjar breytingar verði gerðar á fyrirkomulagi hennar. Jafnframt hefur verið lögð á það höfuðáhersla af hendi fulltrúa sveitarfélagsins að ekki verði ráðist í breytingar á starfsmannahaldi fyrr en fyrir liggur tillaga um nýtt rekstrarfyrirkomulag.

Það var samdómaálit allra fundarmanna að hér væri um mjög mikilvægt málefni fyrir samfélagið að ræða. Nauðsynlegt væri að góð þjónusta af þessum toga væri til staðar í sveitarfélaginu þ.a. eldri borgurum sé búið öruggt skjól í heimabyggð í lok lífshlaups síns.

Mikilvægt er að unnið verði með snörpum hætti að úrlausn þessara mála, svo óvissuástandi sem sem ríkir um þessi mál á Vopnafirði linni. Óþolandi er fyrir þá sem þiggja þjónustuna og einnig fyrir starfsfolk stofnunarinnar að vita ekki hvað framtíðin ber í skauti sér.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða að fela sveitarstjóra og oddvita að óska eftir sameiginlegum fundi með fulltrúum Velferðarráðuneytis, Heilbrigðisstofnunar Austurlands og Vopnafjarðarhrepps, þar sem lagður yrði grunnur að því hvernig allir þessir aðilar geti skipt með sér verkum þ.a. unnt verði að flýta vinnunni og vinna tillögur til úrbóta. Í framhaldi verði tillögurnar kynntar og teknar ákvarðanir um endanlegt fyrirkomulag rekstrarins til framtíðar, rekstraraðila, þjónustustig og starfsmannahald.

Af hendi sveitarfélagsins er lögð á það áhersla að ekki komi til uppsagna starfsfólks á deildinni meðan unnið er að tillögugerð um framtíð legudeildarinnar að Sundabúð Vopnafirði.

4. mál. Bréf Skipulagsstofnunar frá 13. ágúst sl., varðandi umsagnir um breytingu á aðal- og deiliskipulagi vegna athafna- og urðunarsvæðis á Búðaröxl.

Lögð fram bréf Skipulagsstofnunar frá 13. ágúst sl., annars vegar umsögn Skipulagsstofnunar um umhverfisskýrslu vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðar 2006-2026, athafna- og urðunarsvæði. Hins vegar er umsögn um umhverfisskýrslu vegna tillögu að deiliskipulagi athafna- og urðunarsvæðis á Vopnafirði.

Jafnframt lagðar fram tillögur að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslum og greinargerð samkvæmt 9. gr. laga um umhverfismat áætlaða.

Tillögur þessar að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi hafa verið auglýstar með tilskyldum hætti eins og framlögð auglýsing ber með sér. Athugasemdafrestur var til 13. ágúst sl.

Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun og Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Tekið hefur verið tillit til þeirra. Jafnframt barst athugasemd frá Umhverfisstofnum varðandi lýsingu á deiliskipulagi dags. 20. júní sl. Tekið var tillit til þeirrar athugasemdar við frágang deiliskipulagstillögu fyrir auglýsingu og ekki hefur borist athugasemd Umhverfisstofnunar vegna auglýsingarinnar sem rætt er um hér að ofan.

Hreppsnefnd samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi ásamt skýrslum og felur sveitarstjóra að undirrita skipulagsgögnin og senda til Skipulagsstofnunar ásamt greinargerð að því tilskyldu að ekki berist athugasemd frá Umhverfisstofnun, sem kallar á efnislega breytingu.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða.

5. mál Bréf Vopnafjarðarhrepps dags. 27. júlí sl., þar sem sótt er um framlengingu starfsleyfis á urðunarstað Vopnafjarðarhrepps. Jafnframt bréf Umhverfissráðuneytisins frá 2. júlí 2012, sem er svar við bréfi Vopnafjarðarhrepps frá 4. júlí 2011.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps til Umhverfisstofnunar og Umhverfissráðuneytis, þar sem sótt er um tímabundna framlengingu starfsleyfis urðunarstaðar á Búðaröxl.

Jafnframt lagt fram bréf Umhverfissráðuneytisins frá 2. júlí 2012, sem er svar við bréfi Vopnafjarðarhrepps frá 4. júlí 2011, þar sem færð eru rök fyrir því að Vopnafjörður sé afskekkt byggð í skilningi laga nr. 55/2003 og reglugerðar 738/2003. Á þeim grunni er einnig sótt um undanþágu frá gassöfnun á haugasvæðinu.

Í svari Umhverfissráðuneytis kemur fram að unnt er að veita undanþágu á þessum grunni.

Ráðuneytið bendir þó á að ætli sveitarfélagið að urða lífrænan úrgang á urðunarstað sínum eftir 16. júlí 2013 þarf að skila Umhverfisstofnun framkvæmdaáætlun um söfnun á hauggasi á urðunarstaðnum frá og með 16. júlí 2013.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og þeirri vinnu sem í gangi hefur verið í þessum efnun síðustu árin.

Sveitarstjóra falið að vinna áfram að framgangi málsins.

6. mál. Ályktun læknaáðs HSA, varðandi læknilausa daga á Vopnafirði.

Lögð fram ályktun læknaáðs HSA, þar sem fjallað er um svokallaða "læknilausa daga" á Vopnafirði og Djúpavogi.

Læknaáðið telur slíkar lausnir á rekstrarvanda stofnunarinnar hættulegar og að þær mismuni íbúum á þjónustusvæði hennar verulega hvað grunnöryggi í heilbrigðisþjónustu varðar.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps tekur heilshugar undir ályktun læknaáðsins.

7. mál. Bréf Sýslumannsins á Seyðisfirði frá 10. júlí sl., þar sem óskað er umsagnar um umsókn um gististað í flokki I að Hauksstöðum, Vopnafirði.

Lagt fram erindi Sýslumannsins á Seyðisfirði, þar sem óskað er umsagnar um nýtt leyfi fyrir gististað í flokki I að Hauksstöðum, Vopnafirði.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps sér ekkert sem mælir á móti því að slíkt leyfi verði veitt.

8. mál. Aukaaðalfundur Menningarráðs Austurlands. – Tilnefning fulltrúa sveitarfélagsins á fundinn. Lagt fram fundarboð á aukafund Menningarráðs Austurlands sem haldinn verður á Borgarfirði eystra 14. sept. nk.

Samþykkt samhljóða að Bárður Jónasson verði fulltrúi Vopnafjarðarhrepps á fundinum.

9. mál. Fundargerð stjórnarfundar GáF ehf. frá 26. júlí sl.

Lögð fram fundargerð GÁF ehf. frá síðasta fundi stjórnar félkagsins 26. júlí sl.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti tillögu um aukningu á hlutafé sem fram kemur í 4. tl. fundargerðarinnar.

10. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Bréf Bréf Umhverfisstofnunar frá 18. júlí sl., varðandi staðfestingu á móttöku áætlunar Vopnafjarðarhrepps um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum. Meðf. er áætlun Vopnafjarðarhrepps.

b) Bréf Sambands ísl. Sveitarfélaga, varðandi undirbúning að yfirfærslu á öldrunarþjónustu frá ríki til sveitarfélaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.45.